

Útdráttur

Í þessu lokaverkefni er leitað svara við því hvort samþætta eigi tónlist við aðrar námsgreinar í grunnskólum og í framhaldi af því, hvaða leiðir eru færar til þess. Víða er skortur á tónmenntakennurum og af því leiðir að margir nemendur fara á mis við þá kosti sem tónlist og tónmennt hafa upp á að bjóða.

Í fyrri hluta ritgerðarinnar er sjónum beint að aðferðum sem þróaðar hafa verið við tónlistarkennslu og fjallað er um mikilvægi tónlistaruppeldis og áhrif þess á námsárangur auk líffræðilegra og félagslegra áhrifa á nemendur. Í síðari hluta ritgerðarinnar er gerð grein fyrir samþættingu námsgreina, kostum hennar og göllum. Sérstaklega er hugað að hagnýtum leiðum til að samþætta tónlist öðrum námsgreinum.

Niðurstaðan er sú að til þess eru margar leiðir færar. Mikið úrval er til af tónlist sem tengja má öðru námsefni grunnskólans. Námsefni hefur líka verið þróað til að stuðla að samþættingu sem felur í sér samvinnu tónlistarkennara og umsjónarkennara. Hugmyndaflug og rétt viðhorf grunnskólakennara er það sem þarf til að nemendur njóti *tónlistar alla daga*.

Abstract

This final essay seeks to answer if musical studies should be combined with other courses in elementary education. Also in addition, which ways were preferable for integration. There is a wide spread shortage of music teachers and thus many students do not receive the benefits which music and musical education have to offer.

In the first part of the essay, the focus is on methods that have been developed for teaching music. And the importance of a musical upbringing, its effect on academic results in addition to the biological and sociological influences on the students. In the second part of the essay covers the combination of courses and the resulting pro's and con's. The practical ways of combining music with other courses is thoroughly covered.

The conclusion is that there are many possible methods available. A great variety of music, that can be combined with other courses of the elementary education level, is available. Educational material has also been developed to support integration that includes cooperation between music teachers and grade teachers. Imagination and the right attitude amongst elementary teachers is what is needed for the students to enjoy *music every day*.